

Ingibjörg H. Yngvadóttir og Ingvar Þ. Magnússon
Bjalla 1, Rangárþingi ytra
Hella 851

20.07.2021

Efni: Mat á landi til skógræktar
(Meðfylgjandi er uppdráttur af fyrirhuguðu skógræktarsvæði)

Skógræktin hefur metið aðstæður til skógræktar á svæði í landi lögbýlisins Bjalla 1 í Rangárþingi ytra, landnr. 229405, vegna umsóknar landeigenda um skógræktarsamning. Svæðið var skoðað í júlí 2021, og síðan metið með tilliti til ákvæða í aðalskipulagi og lögum sem varða landnýtingu til skógræktar:

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á Bjalla 1 í Rangárþingi ytra. Það er um 44 ha að stærð. Svæðið er á skák nyrst og austast í landi Bjalla (sjá meðf.uppdrátt).

Svæðið er algróið, á nokkuð þykkum móajarðvegi, þýft, með all kröppum dældum og hólum.

Svæðið er opið fyrir flestum vindáttum, en nokkuð skjól er vegna mishæðotts landslags. Algengustu vindáttir eru norðastan áttir.

Svæðið er ágætlega fjósamt en þurrhent. Nokkuð jarðvegsfok og uppblástur er á aðliggjandi svæðum að austan og norðan en nær ekki inn á landi Bjalla. Reiknað er með að planta blöndu lauftrjáa í jaðra, og í skjólreiti víðar um svæðið, og furu og greni þar á milli, ásamt stökum asparreitum. Skógræktarsvæðið í heild mun mynda öflugan skjólgjafa fyrir aðliggjandi svæði.


Eftirfarandi þættir voru metnir sérstaklega m.t.t. aðalskipulags og gildandi laga:

- *Aðalskipulag:* Svæðið er á aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarland. „Heimilt er að stunda uppgræðslu á landbúnaðarlandi, þ.m.t. landgræðslu, skógrækt og skjólbeltarækt m.a. til landbóta og skjólmyndunar” (kafli 2.3.1 Aðalskipulag 2016-2028)
- *Verndarákvæði náttúruverndarlaga:* Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og nýtur engrar sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.
- *Fornminjar:* Innan svæðisins er ekki friðlýstar fornminjar. Skv. skipulagslögum skulu eldri minjar sem finnast á framkvæmdasvæðum njóta verndar og m.a. ekki planta nær þeim en 20 m.
- *Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi:* Á svæðinu eru engar jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

- *Vötn*: Engin vötn eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.
- *Mýrlendi*: Innan svæðisins er ekkert mýrlendi.
- *Vatnsvvernd*: Svæðið liggur um grannsvæði Kerauga í landi Tjörfastaða og Bjalla
- *Raflínur*: Rafstrengir liggja ekki innan skógræktarsvæðis.

Niðurstaða Skógræktarinnar er að svæðið sem metið var og afmarkað er á meðfylgjandi uppdraetti sé ákjósanlegt skógræktarsvæði. Skógræktin samþykkir að gera samning um skógrækt á tilgreindu svæði. Megin áhersla verður á að skógurinn bindi kolefni, skapi skjól og viðarnytjar til framtíðar.

f.h. Skógræktarinnar



Hallur Björgvinsson, skógræktarráðgjafi



Jón Þór Birgisson, skógræktarráðgjafi